



## **177. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 4. feb. 2014 kl. 09:00.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón G. Valgeirsson, Jón Hjartarson, Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn M. Sigurðsson, Sigprúður Jónsdóttir og Þórarinn Ingólfsson. Ægír Pétur var veikur og því tók varamaður hans Sigursveinn sæti á fundinum. Sigprúður Harðardóttir boðaði forföll. Rákel Lind Úlfhéðinsdóttir mætti ekki.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Viðbygging við Hamar – fréttir, ferli framundan**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu mála. Í máli skólameistara kom fram að ákveðinn stýrihópur hafi verið myndaður til undirbúnings fyrir framhaldið. Prentaðar hafa verið út teikningar af verðlauntillögunum og liggja þær nú frammi til athugasemda.

#### **2. Fjármál FSu – staðan**

Haraldur Eiríksson gerði grein fyrir fjárhagsstöðu skólans. Við nemendauppgjör vegna ársins 2013 kemur í ljós að staða skólans er ekki góð. Dagskólakennslan er rekin með halla sem og kennsla í fangelsum. Í máli Haraldar kom fram að innheimta hafi gengið vel. Nemendagarðar hafa ekki komið vel út fjárhagslega. Heldur hefur fækkað á nemendagörðunum nú á milli anna þ.e. frá haustönn til vorannar.

#### **3. Fréttir af skólastarfinu**

- Olga Líska sagði að skjálfti væri í kerfinu öllu vega kjaramála. Ekki er ljóst hvernig framhaldið verður í þessum kjaradeilum.
- Unnið hefur verið að innleiðingu vegna námskrár en áframhald á vinnunni er óljóst.
- Skólameistari sagði frá því að skólinn hafi verið opinn fyrir gesti og gangandi í síðustu viku. Nokkrir gestir komu og kíktu í stofurnar.
- Nemendafélagið er virkt og stefnir á árshátíð um miðjan febrúar, einnig eru þau að undirbúa sýningu á söngleik (Footloose).
- Tölvukerfi í tengslum við mötuneytið verður væntanlega tekið í notkun nú á næstu dögum.
- Starfsmannasamtöl eru farin af stað og hefur skólameistari verið að taka þau.
- Starf áfangastjóra verður auglýst á næstunni, en Ása Nanna Mikkelsen er að láta af störfum við skólann.
- Nemendur við skólann eru nú um 860 í dagskóla.
- Rætt var um sálfræðiþjónustuna og hvaða möguleikar væru til staðar í tengslum við sveitarfélögin og þeirra þjónustu. Í umræðunum kom fram að hugsanlegt væri að reyna að ganga frá samningum við skólaskrifstofurnar á svæðinu varðandi sálfræðiþjónustuna.



#### 4. Önnur mál:

##### A. Hálkuvarnir á bílastæðum. Hver á að sjá um þær?

Húsvörður hefur séð um þau mál.

##### B. Heimsókn í Hamar

Kíkt var í heimsókn út í Hamar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 11. mars kl. 09:30

Fundi slitið kl. 10:15

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson